

**Ed.**

**666. Frumvarp til laga**

[249. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

**1. gr.**

5., 6. og 7. málslíður 1. málsgreinar 14. gr. laganna falli niður.

**2. gr.**

15. gr. hljóði svo:

Rétt til bóta samkv. lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:

- a. eru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, sem lög þessi taka til og hafa 20 meðlimi eða fleiri. Þó skulu meðlimir félaga, sem hafa færri meðlimi en 20, og gert hafa samning við atvinnurekendur um greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir gildistöku þessara laga, öðlast rétt til bóta samkvæmt lögum þessum.
- b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu í a. m. k. 1144 dagvinnustundir, eða 572 dagvinnustundir ef um reglubundna hálfsdagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt samkv. kauptaxta verkalýðsfélags eða kjarasamningi. Bótapegi, sem fullnægir ákvæðum þessa staflíðs, missir ekki rétt sinn til bóta, þó að hann taki starfi, sem ekki er tryggingaskyld samkv. lögum þessum, og stundi það allt að 24 mánuðum. Bótaréttur glatast heldur ekki, þó að umsækjandi hafi verið veikur

um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Enginn getur þó öðlzt bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingarskyld, eða atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans. Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, eða í skólaleyfum, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjú mánuði og skólanám í sex mánuði. Sá sem öðlast bótarétt, samkvæmt grein þessari, heldur honum, þó að hann síðar fullnægi ekki ákvæði þessa stafliðs um vinnustundun vegna skráðs atvinnuleysis á tímabilinu. Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni með læknisvottorði, að þeir séu þá færir til almennrar vinnu.

- c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, skv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum, eða í 9 daga virka, ef um algert og samfellt atvinnuleysi er að ræða. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, samkvæmt lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Verði meira en 12 dagar milli skráninga, reiknast að auki 6 daga biðtími. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem hann getur, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

### 3. gr.

16. gr. orðist svo:

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

- a. taka þátt í verkfalli eða verkban nær til.
- b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
- c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.
- d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan.
- e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunar-skrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkban á vinnunni og kaupgjald og vinnutími séu í samræmi við taxta eða kjarasamninga hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á, enda sé ekki um að ræða starfsgrein, sem hann stundaði, þegar hann varð atvinnulaus, eða önnur hliðstæð störf. Bótaréttur glatast þó ekki, þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað, enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða vosbúð en þeirri, sem hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, ber m. a. að taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda. Þegar hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, sem veldur ekki bótamissi, samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bótagreiðslur, þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur.
- f. stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af.
- g. á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem búa saman og eru bæði

ógift, ef þau hafa átt saman barn, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað í samfleytt tvö ár.

h. dvelja erlendis.

Sá, sem orðið hefur uppvis að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa vitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt. Fyrsta brot varðar bótamissi í 2 mánuði, annað brot í 2 ár og þriðja brot fyrir fullt og allt.

Fella skal niður bótageiðslur, sbr. c-lið þessarar greinar, í 30 daga virka. Missi maður oftart rétt til bóta, samkvæmt þessum staflið, öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

#### 4. gr.

17. gr. orðist svo:

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12 dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, á umsækjandi rétt til bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Fáir hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlast rétt til bóta, falla bótageiðslur niður frá þeim tíma þannig, að við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, skal draga frá, auk vinnudaganna, einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu. Nemi launageiðslur í slíkri vinnu meiru en tvöföldum 2. dagvinnutaxta Dagsbrúnar, skal enn fremur draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir tekjur umfram það, sem svarar til 8 klst. vinnu samkv. 2. taxta Dagsbrúnar.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær geiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur geiðast ekki fyrir sunnudaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 156 daga virka á síðustu 12 mánuðum.

#### 5. gr.

18. gr. orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera sem hér segir:

- a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 266.00 á dag. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum og geiðast þeim þá, hvoru um sig, bætur samkvæmt b-lið þessarar greinar. Bætur samkvæmt c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt grein þessari einnig karl og kona, sem húa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.
- b. Til einstaklinga kr. 230.00 á dag.
- c. Til bótaþega kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri, yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega geiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna má nema kr. 355.00 á dag. Enginn getur þó fengið hærri dagpeninga en sem svarar 75% af meðaldagtekjum hans á síðustu 12 mánuðum, áður en hann varð atvinnulaus.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, og geiðast á þær sömu verðlagsbætur og á grunnkaup skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkv. lögum um almannatryggingar, geiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en bætur almannatrygginganna. Með bótum almannatrygginga í þessu sambandi teljast barnalífeyrir og makabætur, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta kann að fá greiddar.

Nú hefur umsækjandi haft hálf dagsvinnu, og skulu bætur til hans þá nema  $\frac{1}{2}$  bótum, sbr. a—c-liði þessarar greinar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

#### 6. gr.

19. gr. orðist svo:

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og skal þá sjóðstjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins, er sjóðstjórn heimilt að lána milli sérreikninga.

#### 7. gr.

Fyrsta málsgr. 20. gr. orðist svo:

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau skulu vera hvort tveggja í senn, skráningareyðublöð til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun. Skulu eyðublöð þessi fást hjá úthlutunarnefndum, skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem henta þykir.

#### 8. gr.

Orðið „vikulega“ í 21. gr. laganna falli niður.

#### 9. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.

#### 10. gr.

Á eftir 23. gr. komi ný grein, sem verði 24. gr., svo hljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 15. gr. b og 16. gr. e, ef ástæða þykir til.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 81/1968 og 1. og 2. gr. laga nr. 28 25. apríl 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 1969, skipaði félagsmálaráðherra fjögurra manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun. Nefndinni var falið að leita álitis þeirra aðila, sem mesta reynslu hafa við framkvæmd téðra laga.

Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir menn: Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, tilnefndur af því, Eðvarð Sigurðsson, alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem skipaður er í nefndina án tilnefningar og var jafnframt skipaður til að vera formaður hennar.

Nefndin hefur setið marga fundi með ýmsum fulltrúum úr úthlutunarnefndum og aðilum, sem annast hafa vinnumiðlun í Reykjavík og nágrenni. Nefndin hefur

einnig haldið fund með Stefáni Bjarman, sem annazt hefur í langan tíma vinnu-  
miðlun í Akureyrarkaupstað, og Óskari Garibaldasyni, sem verið hefur formaður  
úthlutunarnefndar atvinnuleysishóta í Siglufjarðarkaupstað undanfarin ár. Á þess-  
um fundum hefur nefndin fengið margvíslegar ábendingar og tillögur til úrbóta á  
núgildandi löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Við samningu þessa frumvarps hafði  
nefndin hliðsjón af ábendingum þeim og tillögum, sem framangreindir aðilar létu  
henni í té.

Nefndin telur nauðsynlegt, að breytingar þessar nái fram að ganga nú á þessu  
þingi í sambandi við afgreiðslu bráðabirgðalaganna, sem út voru gefin 31. desember  
1968, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar. Nefndin tók því þann kost,  
að fella ákvæði bráðabirgðalaganna inn í lagafrumvarpið. Frumvarp þetta hefur  
því að geyma hin sömu ákvæði og sett voru með bráðabirgðalögum, með nokkrum  
undantekningum, sem grein verður gerð fyrir í athugasemdum við einstakar greinar  
hér á eftir.

Nefndinni hefur ekki enn unnizt tími til að ljúka heildarendurskoðun laganna.  
Verður því að líta á breytingartillögur þessar sem bráðabirgðabreytingar, sem ætla  
má, að reynslan kunni að sýna, að breyta þurfi fyrir eða síðar. Nefndin telur nauð-  
synlegt að breyta ýmsum ákvæðum í lögum, sem frumvarp þetta fjallar ekki  
um, en gerir ráð fyrir áframhaldandi endurskoðun laganna og vill stefna að því  
að ljúka henni sem fyrst.

#### Um 1. gr.

Samkv. núgildandi lögum, skulu úthlutunarnefndir, hver fyrir sig, setja sér  
reglugerð, sem þær starfi eftir. Í frumvarpi þessu er lagt til, að ráðherra setji, að  
fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um  
nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun  
bóta, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í stað úthlutunarreglugerðar fyrir hverja úthlutunar-  
nefnd, verði sett ein reglugerð sem gildi fyrir allar úthlutunarnefndir í landinu.

#### Um 2. gr.

Upphaf þessarar greinar er samhljóða 1. gr. bráðabirgðalaganna nr. 81/1968.  
Nefndin varð þó ekki sammála um þetta atriði. Einn nefndarmanna, Björgvin Sigurðs-  
son, taldi rétt, að í upphafi greinarinnar kæmi í stað orðanna „16 ára og eldri“ orðin:  
á aldrinum 16—70 ára.

Staflíður a. er óbreyttur eins og hann er í lögum nr. 29 frá 1956.

Verulegar breytingar eru á staflíð b. greinarinnar. Reynslan hefur sýnt, að þörf  
er mun ýtarlegri ákvæða um þessi efni, heldur en þeirra, sem eru í núgildandi lög-  
um. Að vísu má segja, að ekki sé í raun um veru um miklar efnisbreytingar að ræða  
frá því, sem eðlileg framkvæmd ákvæðanna hefði átt að vera. Nýmæli er það, að með  
frumvarpi þessu er lagt til, að skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, eða í  
skólaleyfum, telst hafa fullnægt ákvæði um öflun bótaréttar, ef það hefur á s. l.  
12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í 3 mánuði og skólanám í 6 mánuði. Með bráða-  
birgðalögum var ákveðið, að elli- og örorkulífeyrisþegar geti notið bóta vegna  
atvinnuleysis. Nauðsynlegt þótti að setja hér ákvæði vegna þessa fólks þess efnis,  
að elli- og örorkulífeyrisþegar öðlist því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatíma-  
bili, að þeir sanni með læknisvottorði, að þeir séu þá færir til almennrar vinnu.

Biðtímaákvæði c-liðs greinarinnar eru óbreytt. Í núgildandi lögum er gert ráð  
fyrir því, að úthlutunarnefndir setji sér ákvæði um lengri biðtíma þeirra, sem hafa  
árstíðabundna vinnu, hafa tekjur af eigin atvinnurekstri eða hafa haft hærri tekjur  
en almennt gerist í byggðarlagi þeirra síðustu 6 mánuði, svo og um styttri biðtíma  
fyrir þá, sem hafa búið við skertan vinnutíma undanfarið. Þessi heimildarákvæði  
hafa hvergi verið notuð og er því lagt til, að þau verði felld úr lögum.

Nýmæli er í seinni málsgrein þessarar greinar. Þar er herum orðum kveðið svo  
á, að skráning sé óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að bótaréttur vinnist. Enn fremur

eru ákvæði í þessari málsgrein um viðurlög, sem við liggja ef skráningar eru vanræktar.

#### Um 3. gr.

Lagt er til, að a-liður, c-liður og d-liður verði óbreyttir eins og þeir hafa verið frá því að löggin voru sett. Hins vegar er b-liður greinarinnar samhljóða 2. gr. bráðabirgðalaganna nr. 81 frá 1968. Sú breyting var þá gerð á ákvæðum þessa stafliðs, að örorkulífeyrisþegar geta nú öðlazzt batur vegna atvinnuleysis, ef þeir fullnægja öðrum skilyrðum laganna.

Í ákvæðum e-liðs er lagt til, að gerðar verði ýmsar breytingar. Samkvæmt núgildandi lögum glatast bataréttur ef hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, ef umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að úthlutunarnefnd meti batarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein. Lagt er til, að úthlutunarnefnd hafi heimild til að fella niður bótageiðslur þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur. Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að fella niður bótageiðslur, þegar svo stendur á. Þá er það nýmæli í ákvæðum þessa stafliðs, að vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveði svo á, að bótapegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu sem hann á kost á.

Nýmæli er í f-lið greinarinnar. Þar segir að batur greiðist ekki þeim, sem stundi vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af. Vandkvæði eru á því, að skilgreina ákvæði þetta nánar í lögnum, a. m. k. að svo stöddu. Það virðist óeðlilegt, að greiða manni batur, sem hefur orðið atvinnulaus, en vinnur á meðan honum ekki býðst launuð vinna t. d. í bifreiðageymslu sinni að viðgerð bifreiða, sem hann fær beinar tekjur fyrir. Öðru máli gegnir ef umsækjandi vinnur aðeins að viðhaldi íbúðar sinnar, svo að dæmi sé nefnt. Reynslan mun sýna, hver mörk er eðlilegt að setja í þessu efni. Í reglugerð þeirri, um úthlutun bóta, sem um ræðir í 9. gr. frumvarpsins, er eðlilegt að skilgreina ákvæði sem þetta nánar.

Í 3. gr. bráðabirgðalaganna, nr. 81 frá 1968 var f-liður laganna felldur niður, en samkv. honum skyldi sá ekki fá greiddar batur, sem á síðustu 6 mánuðum hefði haft tekjur, sem fóru fram úr 75% af meðalárstekjum almennra verkamanna eða verkakvenna ef um konu væri að ræða í heimabyggð næst liðið ár. Varhugavert þykir að fella með öllu niður tekjuviðmiðun í þessu sambandi, þegar um er að ræða maka, sem er í fastri vinnu og hefur á síðustu 12 mánuðum haft og hefur allgóðar tekjur, eða sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Þá virðist ástæðulaust að greiða hinu makanna batur. Þá er lagt til, að þessi regla, sem varðar hjón, gildi einnig um karl og konu, sem búa í óvígðri sambúð. Reglan er í samræmi við ákvæði 57. gr. almannatryggingalaga, nr. 40 30. apríl 1963.

Ákvæði í h-lið er samhljóða núgildandi lögum sbr. g-lið greinarinnar.

Í annarri málsgrein greinarinnar er gert ráð fyrir viðurlögum, sem beita skal gagnvart þeim, sem reyna að afla sér bóta með því að gefa visvitandi rangar upplýsingar um hagi sína. Ákvæðið virðist eðlilegt og þarfnast ekki skýringa.

Loks er í síðustu málsgrein þessarar greinar lagt til að þeir, sem misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, sbr. c-lið greinarinnar, missi ekki batarétt fyrir fullt og allt. Svípting bataréttar gildi aðeins í þrjátíu daga virka. Missi slíkur umsækjandi oftart rétt til bóta af þessum sökum, öðlast hann þó ekki batarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka eftir að hann fyrirgerði batarétti sínum.

#### Um 4. gr.

Samkv. frumvarpinu fjallar grein þessi um það, hvernig ákveða skuli batur til þeirra, sem fullnægja skilyrði laganna um batarétt. Ákvæðin eru samhljóða gildandi ákvæðum um þessi efni. Þá er orðalagi greinarinnar breytt til þess að fyrirbyggja

misskilning sem komið hefur fram. Ákvæðið um samfellt og algert atvinnuleysi í 9 daga hefur t. d. verið skilið á þann veg, sem þetta dæmi sýnir: Verkamaður hefur verið vinnulaus í samfellda 9 daga virka, en vinnur alla þrjá dagana, sem eftir eru af 12 daga tímabili hans. Þá hefur þetta verið skilið svo, að fyrir þessa þrjá daga dragist einn bótadagur frá og hann eigi þá aðeins eftir tvo bótadaga, en fyrir þá er ekki greitt sbr. síðustu málsgr. þessarar greinar. Nú er lagt til að þessi regla verði orðuð þannig: Fáí hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazzt rétt til bóta, falla bótageiðslur niður frá þeim tíma, þannig að við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal batur fyrir, skal draga frá, auk vinnudaganna, einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu. Í framhaldi af þessu ákvæði er bætt við nýmæli, sem kveður á um það, að ef launageiðslur í vinnu, sem menn hafa meðan þeir eru á bótum, nemi meira en tvöföldum öðrum dagvinnutaxta Dagsbrúnar, þá skuli enn fremur draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir tekjur umfram það, sem svarar til 8 klst. vinnu samkv. sama taxta.

Ákvæði annarrar og þriðju málsgreinar þessarar greinar eru samhljóða nógildandi lögum. Í síðustu málsgrein er lagt til að í stað orðsins „helgidagar“ komi: sunnudagar og enn fremur er tekið upp í þessa síðustu málsgrein ákvæði 4. gr. bráðabirgðalaganna nr. 81 frá 1968, sem mæla svo fyrir að í stað „120 daga virka ár hvert“ komi: 156 daga virka á síðustu 12 mánuðum.

#### Um 5. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um upphæð atvinnuleysisbóta. Upphæðirnar eru hinar sömu og ákveðnar voru í 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 81/1968. Þó er í grein þessari vikið frá ákvæðum bráðabirgðalaganna í nokkrum atriðum. Lagt er til þegar bæði hjónin eiga rétt á bótum, að hvoru þeirra verði þá greiddar einstaklingsbatur, sbr. b-lið, en barnabatur, samkvæmt c-lið, falli niður. Enn fremur er lagt til, að sama rétt til bóta og hjón hafi karl og kona, sem lifa saman í óvígðri sambúð, sbr. athugasemd við g-lið 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði bráðabirgðalaganna um hámark bóta er nokkuð breytt samkv. 2. málsgrein þessarar greinar. Gert er ráð fyrir að enginn geti fengið hærri dagpeninga en svarar 75% af meðaldagtekjum hans á síðustu 12 mánuðum áður en hann varð atvinnulaus. Ef launþegi hefur á síðustu 12 mánuðum haft 120 þús. krónur í heildar-atvinnutekjur og reiknað er með 300 vinnudögum á þessu tímabili, verða meðaldagtekjur hans 400.00 krónur. Batur til hans gætu þá ekki orðið hærri en sem svarar 75% af þeirri fjárhæð, eða kr. 300.00 á dag.

Í annarri málsgrein 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 81/1968 er gert ráð fyrir því, að bótafjárhæðir taki sömu breytingum og grunnkaup samkv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Í þriðju málsgrein þessa frumvarps er lagt til, að þetta ákvæði verði fellt niður. Hins vegar er lagt til að verðlagsuppbatur á bótafjárhæðir verði greiddar eftir sömu reglum og verðlagsuppbatur eru greiddar á grunnkaup samkv. 2. taxta Dagsbrúnar.

Ákvæði 3. málsgreinar 5. greinar bráðabirgðalaganna nr. 81/1968 er tekið óbreytt upp í 4. málsgrein þessarar greinar frumvarpsins. En bætt er við ákvæði til skýringar um það, að með bótum almannatrygginga í þessu sambandi skuli telja barnalífeyri og makabatur, sem bótaþegi kann að fá greiddar.

Nýmæli er í 5. málsgrein frumvarpsins. Í b-lið 15. greinar, sbr. 2. grein frumvarpsins, er gert ráð fyrir hálfisdagsbótum. Ákvæði þessarar málsgreinar gerir ráð fyrir því að batur skuli þá vera hálfar batur samkv. því sem nánar greinir í a—c-liðum greinarinnar.

#### Um 6. gr.

Samkvæmt nógildandi lögum, 19. grein, er gert ráð fyrir því, að sjóðstjórn sé heimilt að lána stofnfé Atvinnuleysistryggingasjóðs, ef fé er ekki fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta. Í þessari frumvarpsgrein er hins vegar lagt til að þegar svo stendur á, þá skuli sjóðstjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu

skyni. Samkvæmt nógildandi lögum er heimilt að lána milli sérreikninga með ábyrgð ríkissjóðs ef þrotið er stofnfé sjóðsins. Í þessari frumvarpsgrein er lagt til að heimilt sé að lána á milli sérreikninga, en krafa er ekki gerð um ábyrgð ríkissjóðs fyrir slíkum lánum.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að eyðublöð fyrir umsóknir um bætur og eyðublöð fyrir skráningu til afnota fyrir vinnumiðlun skuli vera á einu og sama eyðublaði. Það er ekki gert ráð fyrir því, að í þessum lögum né heldur í lögum um vinnumiðlun séu ákvæði um gerð þessara eyðublaða, hins vegar sett ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laganna og gerð nauðsynlegra eyðublaða.

Um 8. gr.

Ákvæði 21. greinar nógildandi laga um það, að úthlutunarnefnd skuli gera skrá um þá menn er hún úrskurðar bætur á viku hverri, hefur ekki verið fylgt. Breyting sú, sem hér um ræðir, er í því fólgín að fella niður skylduna um vikulega skýrslugerð.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en vísað er til athugasemda við 1. grein þessa frumvarps.

Um 10. gr.

Lagt er til, að úthlutunarnefndir geti snúið sér til tryggingayfirlæknis og fengið umsögn hans um læknisvottorð, ef ástæða þykir til. Með frumvarpi þessu er lagt til, að vinnuhæfni umsækjanda um bætur þurfi að sanna með læknisvottorði. Slík vottorð eru ekki ætíð svo ýtarleg eða glögg sem skyldi. Úthlutunarnefndir þurfa því að eiga aðgang að trúnaðarlækni, sem getur metið gildi læknisvottorða, sem þannig eru.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.